

bænda
FERÐIR

AÐVENTUTÖFRAR Í TÍRÓL



5. – 10. desember 2024

Fararstjórn: Sigrún Valbergsdóttir

Sérhópur - Korpúlfar
Austurríki | Þýskaland | Ítalía

Ferðalýsing

Í faðmi fjallanna er einstakt að vera á aðventunni og Tíról í Austurríki er alger ævintýraheimur. Við fljúgum til München en höldum þaðan til Seefeld, yndislegs bæjar í fjöllum Austurríkis. Bærinn hvílir í sal Wetterstein-, Mieminger- og Karwendel fjalla og verður hann okkar dvalarstaður í þessari aðventuferð. Við höldum í dagsferðir og skoðum dýrðina í Swarovski kristalsheiminum í bænum Wattens og förum einnig í bæinn Mittenwald sem státar af litlum, myndskreyttum húsum, bæjarlæk og skemmtilegum verslunum. Sterzing er töfrandi á aðventunni og við heimsækjum einnig miðaldaborgina Brixen, elstu borg Tíróls á Norður-Ítalíu, þar sem finna má stórfenglegan barokkarkitektúr við rætur töfrandi Alpanna. Innsbruck, höfuðborg Tíról í Austurríki, er ein af ævintýraborgum aðventunnar og þar er sérstaklega gaman að upplifa iðandi mannlíf. Á þessum ljúfu dögum upplifum við aðventu- og fjalladýrð í Seefeld og nágrenni.

6 dagar | 5 nætur í Seefeld



5. desember | Flug til München & Seefeld

Brottför frá Keflavík kl. 7:20. Mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 12:05 að staðartíma. Við ökum af stað á gististað en á leiðinni verður komið við í þýska bænum Garmisch-Partenkirchen þar sem hægt er að fá sér síðdegishressingu áður en haldið er áfram til Tíról í Austurríki eða nánar tiltekið til Seefeld. Þetta er yndislegur bær inn á milli fjallanna í 1180 m hæð og við gistum fimm nætur á góðu hóteli í miðbænum. Notaleg heilsulind er á hótelinu með sundlaug, sauna, eimbaði með salt- og ilmstillingu, innrauðum hitaklefa og köldu keru.

6. desember | Jólaævintýri í Watten & Mittenwald

Við hefjum daginn á að aka Inndalinn til Wattens þar sem Swarovski verksmiðjurnar og kristalssafnið er til húsa en þar glitrar á ýmis djásn. Áfram höldum við til bæjarins Mittenwald en hann á sér engan líka, með litlum, myndskreyttum húsum, bæjarlæk og skemmtilegum verslunum. Bærinn er frægur fyrir smíði strengjahljóðfæra og stendur minnisvarði fyrir Matthias Klotz, upphafsmanns fiðlusmíði í Mittenwald, fyrir utan fiðlusafn bæjarins sem er mjög áhugavert.

7. desember | Dagsferð til Sterzing & Brixen

Eftir góðan morgunverð ökum við stórbrotna og undurfallega leið yfir Brennerskarðið og höldum í endurreisnarbæinn Sterzing sem er töfrandi á aðventunni.

Því næst verður farið til gömlu biskupaborgarinnar Brixen í Suður-Tíról á Ítalíu. Farið verður í skemmtilega gönguferð um elsta hluta bæjarins sem er aðalbær Eisackdalsins, við rætur



fjallsins Plose. Í þessum 20.000 manna snotra bæ eru gamlar götur, brýr, kirkjur og söfn. Þar mætast árnar tvær Isarco og Rienza og þetta allt gerir Brixen að einstaklega heillandi áfangastað.

8. desember | Aðventudýrð í Seefeld

Í dag njótum við þess að vera í fjalladýrðinni í Seefeld. Áður fyrr var þetta mikið vatnasvæði eins og nafn bæjarins ber með sér. Eftir morgunverð býður fararstjóri upp á gönguferð um bæinn en hér er líka margt hægt að gera, t.d. fara með hestvagni í rómantíska ferð um nágrennið eða ganga hringinn í kringum vatnið eftir góðum göngustíg. Mögulegt er að fara upp á Rosshütte fjallið með kláfi sem fer upp í 1784 m hæð. Þarna uppi er veitingahús og upplagt að fá sér kaffi og tertusneið.



9. desember | Innsbruck

Áfangastaður dagsins er Innsbruck en hún var ein af borgum Habsborgaranna, einnar mikilvægustu valdaættar Evrópu. Blómatími hennar var á 15. öld undir stjórn Maximilian I. af Habsborg. Hann lét byggja helsta kennileiti borgarinnar, húsið með gullpakinu, sem stendur við eitt fallegasta torgið í Tíról. Farið verður í stutta göngu með fararstjóranum en eftir það verður frjálst tími til að kanna borgina á eigin vegum og ylja sér á heitu



Glühwein á aðventumarkaði borgarinnar. Borgin er sérstaklega ævintýrleg á aðventunni því borgarbúar nota gjarnan Grimmsævintýrin sem þema í skreytingunum. Tilvalið er að líta inn til kaupmanna í Maria-Theresien götunni en þar er einnig mikil jólastemning.

10. desember | Heimferð frá München

Nú er komið að heimferð eftir ljúfa ferð. Eftir morgunverð verður ekið til München. Brottför þaðan kl. 13:05 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum.



Hotel Bergland

Gist verður allar næturnar á 4* hóteli í miðbæ Seefeld, Hótel Bergland. Innifalið er morgunverðarhlaðborð og kvöldverður er vel útilátin fjögurra rétta máltíð með salathlaðborði. Flestir drykkir frá 11:00 á morgnanna til 22:00 á kvöldin eru innifaldir. Notaleg heilsulind er á hótelinu með sundlaug, sauna, eimbaði með salt- og ilmstillingu, innrauðum hitaklefa og köldum kerum. Boðið er upp á ýmsar heilsumeðferðir gegn gjaldi.



Herbergin eru öll með baði/sturtu, hárpurrku, síma, sjónvarpi og öryggishólfi. Gestir fá baðslopp til afnota á meðan á dvölinni stendur. Ókeypis þráðlaust net er á hótelinu. Sjá nánar á [vefsíðu hótelsins](#).

Verð

252.900 kr. á mann í tvíbýli | 15.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á hóteli.
- ✓ Heimabakaðar kökur á hóteli seinni partinn.
- ✓ Glæsilegur 4 rétta kvöldverður með salathlaðborði.
- ✓ Drykkir frá 11:00-22:00 (bjór, vín, gos, vatn og fleira, að frátöldum drykkjum á sérseðli).
- ✓ Aðgangur að glæsilegri heilsulind.
- ✓ Sloppur og handklæði fyrir gufuböð.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Vínsmökkun.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Aðgangur í fiðlusafnið í Mittenwald u.þ.b. € 7
- ✓ Vínsmökkun og snarl í Kloster Neustift u.þ.b. € 25
- ✓ Swarovski safnið u.þ.b. € 15.

